

## REGLUR

### um inntöku nýnema og inntökupróf í hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

##### *Ákvörðun um fjöldatakmörkun.*

Heilbrigðisvísindasvið, fyrir hönd hjúkrunarfræðideildar, leggur árlega fyrir háskólaráð rökstudda tillögu um fjölda stúdenta sem hefja nám við hjúkrunarfræðideild á komandi skólaári. Skal erindi frá heilbrigðisvísindasviði þess efnis sent háskólaráði fyrir lok nóvember. Háskólaráð afgreiðir tillögur sviðsins eigi síðar en í janúar.

#### 2. gr.

##### *Inntökupróf og próftökugjald.*

Inntökupróf til að hefja grunnám í hjúkrunarfræðideild er haldið í júní ár hvert fyrir nám sem hefst á næsta haustmisseri. Hjúkrunarfræðideild ákveður dagsetningu fyrir inntökupróf í samráði við kennslusvið. Deildinni er heimilt, að höfðu samráði við kennslusvið, að halda próf tvisvar sinnum á ári. Prófið er haldið á vegum Háskóla Íslands og í húsnæði á hans vegum.

Hjúkrunarfræðideild auglýsir inntökuprófið og birtir sérstaka lýsingu á því og framkvæmd þess ásamt upplýsingum um innbyrðis vægi inntökuprófs og veginnar meðaleinkunnar úr kjarnagreinum á stúdentsprófi á heimasíðu deildarinnar í síðasta lagi átta vikum fyrir áætlaðan prófdag.

Í samræmi við 2. mgr. 24. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla er heimilt að innheimta próftökugjald til að kosta gerð, fyrirlögn og yfirferð inntökuprófa. Ef ákveðið er að innheimta próftökugjald fer um fjárhæð þess og innheimtu samkvæmt sameiginlegum reglum fyrir Háskóla Íslands.

#### 3. gr.

##### *Markmið og innihald inntökuprófs.*

Inntökuprófið er *aðgangspróf fyrir háskólastig* (A-próf). Kennslusvið Háskóla Íslands í samráði við hjúkrunarfræðideild annast undirbúning þess og framkvæmd.

Markmið prófsins er að kanna hæfni stúdents til að hagnýta þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér í samræmi við markmið aðalnámskrár framhaldsskólanna.

Prófað er í eftirtöldum fimm þáttum: upplýsinganotkun, málfærni, lesskilningi á íslensku, lesskilningi á ensku og stærðum og reiknanleika.

#### 4. gr.

##### *Skráning til náms í hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands.*

Nemendur sem hyggjast hefja nám í hjúkrunarfræðideild sækja um nám við deildina í samræmi við almennar reglur Háskóla Íslands og ákvæði 9. gr. reglna nr. 319/2009 um inntökuskilyrði í grunnám.

#### 5. gr.

##### *Fjöldatakmörkun og val á umsækjendum sem fá aðgang að hjúkrunarfræðideild.*

Ef umsækjendur eru fleiri en fjöldatakmörkun samkvæmt 1. gr. kveður á um skal ákvörðun um inntöku nýnema byggð á frammistöðu í aðgangsprófi fyrir háskólastig annars vegar og veginni meðaleinkunn úr kjarnagreinum, íslensku, ensku og stærðfræði, í námi til stúdentsprófs hins vegar. Ef nemandi hefur ekki stúdentspróf en fullnægir engu að síður skilyrðum 9. gr. reglna nr. 319/2009 skal einvörðungu miðað við frammistöðu hans á inntökuprófi. Sama á við ef ekki er möguleiki á að reikna vegna meðaleinkunn úr kjarnagreinum á stúdentsprófi samkvæmt fyrirmælum 2. mgr., s.s. ef próf umsækjanda byggist ekki á einkunn eða einkunnum gefnum í tölum eða á grunni sambærilegs mælikvarða.

Einkunn fyrir frammistöðu á inntökuprófi er gefin á sérstökum einkunnastiga sem ákveðinn er fyrir það próf. Við ákvörðun um inntöku í BS-nám við hjúkrunarfræðideild gildir þessi frammistaða 70% og meðaleinkunn úr kjarnagreinunum íslensku, ensku og stærðfræði í námi til stúdentsprófs 30%.

Meðaleinkunn í kjarnagreinum stúdentsprófs byggist á vegnu meðaltali allra áfanga í íslensku, ensku og stærðfræði. Nefnd um inntöku nýnema, sbr. 6. gr., tekur ákvörðun ef beita þarf heimild 1. mgr. til að byggja einvörðungu á frammistöðu í inntökuprófi. Þegar meðaleinkunn kjarnagreina á stúdentsprófi hefur verið ákveðin er hún yfirfærð á sambærilegan einkunnakvarða og notaður er í inntökuprófi fyrir háskólann og umsækjendum að því loknu raðað samkvæmt 2. mgr.

Þeir umsækjendur sem bestum árangri ná á inntökuprófi að viðbættri veginni meðaleinkunn kjarnagreina á stúdentsprófi samkvæmt framangreindu fá aðgang að BS-námi við hjúkrunarfræðideild. Hafi umsækjandi tekið fleiri en eitt inntökupróf á síðustu 11 mánuðum áður en umsóknarfrestur rann út, sbr. heimildarákvæði í 2. gr., skal miða við síðasta próf sem umsækjandi tók.

Nemandi sem öðlast rétt til BS-náms við hjúkrunarfræðideild samkvæmt reglum þessum skal hefja námið þegar á næsta haustmisseri eftir að honum var veittur aðgangur að deildinni, ella missir hann réttinn. Ákvörðun um að taka nýnema inn í BS-nám við hjúkrunarfræðideild skal tilkynnt honum sérstaklega þegar niðurstaða liggur fyrir. Hafi nýnemi ekki staðfest innan tveggja vikna frá tilkynningu að hann muni hefja nám við deildina verður sætinu úthlutað til þess sem næstur er í röðinni, enda sé fjöldatakmörkun skv. 1. gr. ekki náð. Þiggi sá ekki sætið innan einnar viku verður þeim sem þá er næstur í röðinni boðið sæti, og þannig koll af kalli fram til 20. ágúst, en eftir þann tíma verða nýir nemar ekki teknir inn í deildina. Ef tveir eða fleiri nemendur eru jafnir í síðasta sæti, að teknu tilliti til fjöldatakmörkunar, öðlast báðir eða allir rétt til náms á haustmisseri.

#### 6. gr.

##### *Nefnd um inntöku nýnema.*

Hjúkrunarfræðideild skipar þriggja manna nefnd um inntöku nýnema til að hafa eftirlit með framkvæmd inntökuprófsins, meta reynsluna af því og aðgangstakmörkunum og gera tillögur um úrbætur ef með þarf. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn.

#### 7. gr.

##### *Gildistaka o.fl.*

Reglur þessar um inntöku nýnema og inntökupróf í hjúkrunarfræðideild eru settar af háskólaráði með stoð í 3. mgr. 18. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla, sbr. og 11. mgr. 98. gr. reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands með síðari breytingum.

Auk birtingar í B-deild Stjórnartíðinda skal birta reglurnar í kafla hjúkrunarfræðideildar í kennsluskrá og á heimasíðu hjúkrunarfræðideildar.

Reglurnar öðlast þegar gildi. Með gildistöku þeirra falla úr gildi reglur um val stúdenta til náms í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands, nr. 502/2002.

*Háskóla Íslands, 19. janúar 2015.*

**Kristín Ingólfssdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Þórður Kristinsson.*